

**Nr. 23-002 S 002 Guðmundur í Nesi RE 13****Skipverji slasast.**

Skipaskr.nr. 2626      IMO nr. 9235438  
Útgerð: Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.  
Smíðaður: Langsten Slip & Baatbyggeri árg. 2000  
Stærð: 1315 brl. 2464 brt.  
Mesta lengd: 66 m      Skráð lengd: 59,43 m  
Breidd: 14 m      dýpt: 8,7m  
Vél: Wartsila 5,520 kw árg: 2000  
Fjöldi skipverja: 22



Guðmundur í Nesi©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. maí 2023 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. ágúst 2022 voru skipverjar á Guðmundi í Nesi að vinna við togvira. Skipverji, sem hugðist stýra togvír betur inn á tromlu, fékk á sig hnykk og varð óvinnufær. Veður NV 5 m/s.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Skipverjar voru við splæsningar en vírin hafði skemmst og þurfti að taka skemmdina í burtu.
- Þegar byrja átti að hífa vírin aftur inn á tromlu varð skipverjinn var við að bil var á milli vírs á efsta lagi tromlunnar. Hann hugðist þá ýta vírnum að til þess að vírin myndi raðast eðlilega og teygði hægri höndina inn fyrir vírastýrið en vírin skrappt til og hann fékk hnykk á öxlina.
- Vírin var nýlegur og spennu á honum auk þess sem hann var löðrandi í feiti.
- Skipverjinn vann það sem eftir var veiðiferðar auk þess sem hann vann við að gera skipið tilbúið fyrir slipp. Hann kenndi sér meins og leitaði læknis eftir nokkurn tíma og í ljós kom að áverkar voru meiri en talið var í fyrstu:

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.